



SJÁLFSMATSSKÝRSLA MÍ

2015-2016

Sjálfsmatsnefnd MÍ

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Mat á skólstarfi.....	3
2. Hlutverk, markmið og stefna Menntaskólans á Ísafirði.....	3
3. Sjálfsmatsáætlun Mí skólaárið 2015-2016	5
4. Matsaðferðir og gagnaöflun.....	6
5. Lykilþættir sem meta á í skólstarfinu	6
6. Niðurstöður kannana sem unnar voru af sjálfsmatsnefnd veturinn 2015-2016.....	8
6.1 Niðurstöður rýnihópa nemenda.....	8
6.2 Niðurstöður rýnihópa kennara	13
6.3. Niðurstöður viðhorfakönnunar skipstsjórnarnema.....	18
6.4. Foreldrakönnun	20
7. Töluleg gögn	21
7.1 Einkunnadreifing haustönn 2015 og vorönn 2016	21
7.2 Brotthvarf haustönn 2015 og vorönn 2016.....	22
8. Niðurstöður kannana sem unnar voru af aðilum utan skólans	23
8.1 Samantekt úr niðurstöðum ytra mats	23
Tillögur til úrbóta.....	23
8.2. Umbótaáætlun	27
8.3 Stofnun ársins.....	28
9. Sjálfsmatsáætlun 2015-2018.....	30
Heimildir	31

Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla, sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautaskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á almenna námsbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Skólaárið, 2015-2016 mun skólinn bjóða upp á 200 eininga stúdentspróf sem gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á 3 árum, auk iðnbrauta og starfsbrautar. Sótt var um leyfi fyrir lista- og nýsköpunarbraut 90-110 eininga sem lýkur með framhaldsskólaprófi.

Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

	Haustönn 2015	Vorönn 2016
dagskólanemar	248	213
kennarar	29	30
brottfall	7 (2,82%)	6 (2,82%)
brautskráðir	23	41

1. Mat á skólstarfi

Innan skólans hefur undanfarinn áratug verið unnið að þróun sjálfsmatsaðferða hjá skólanum. Í sjálfsmatsnefnd eiga sæti einn fulltrúi stjórnanda, sem jafnframt ber ábyrgð á sjálfsmatinu og fulltrúar kennara. Nefndin er kosin á kennarafundi og skipa hana nú Guðrún Á. Stefánsdóttir, námskrárstjóri, Andrea S. Harðardóttir, kennari, Guðjón Torfi Sigurðsson, kennari og Katrín Gunnarsdóttir, kennari og bókavörður. Anna Jóna Kristjánsdóttir, kennari, baðst lausnar úr nefndinn sl. áramót vegna anna. Sjálfsmatsnefnd fundar að reglulega eða eins og þörf krefur. Fundir sjálfsmatsnefndar þetta skólaár voru alls 15 á skólaárinu, 7 fundir á haustönn og 8 fundir á vorönn.

Mat á skólstarfi er skipt í ytra og innra mat. Ytra matið er framkvæmt af utanaðkomandi aðila og er yfirvöldum til upplýsingar um skólstarfið og hvernig þeim fjármálum er hagað sem skólinn fær. Ytra mat á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis fór síðast fram vorið 2015 og niðurstöður ytra matsins barst skólanum í október 2015.

Sjálfsmat skólans sem er formlegt innra mat er ætlað að vinna skólanum gagn og í því felst eftirlit með öllum þáttum skólstarfsins. Samkvæmt 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs á grundvelli 40. gr. laganna. Í 40. grein laga um framhaldsskóla nr.92/2008 segir að markmið mats með gæðum framhaldsskóla sé að:

- *Veita upplýsingar um skólstarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.*
- *Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.*
- *Auka gæði náms og skólstarfs og stuðla að umbótum.*
- *Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

2. Hlutverk, markmið og stefna Menntaskólans á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla landsins margþætt. Þeir skulu m.a. stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í

atvinnulífínu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar (sbr. lög nr. 80/1996). Þessi lagaákvæði sem og gildi MÍ sem eru metnaður, víðsýni, virðing og árangur hafa nemendur og starfsfólk skólans að leiðarljósi við vinnu sína. Á þeim grundvallast jafnframt markmið skólastarfsins.

Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er sömuleiðis að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Skólinn á Í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms svo og erlenda skóla í Frakklandi og Danmörku en þangað fara verkmenntanemendur í starfsnám.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í viðauka við skólasamningi fyrir 2015-2019 þar sem kveðið er m.a. á :

- *Að hlutfall nýnema af norðanverðum Vestfjörðum haldist áfram hátt á samningstímanum og fari ekki undir 92%. Þessu markmiði verði náð með:*
 - *skipulögðum heimsóknnum grunnskólanema af svæðinu í MÍ á vorönnum. Á skólaárinu 2015-2016 var farið í nokkra grunnskóla á svæðinu en þó ekki alla. Öllum 10. bekkjum var formlega boðið á opið hús og sumir komu auk þess í sérstaka heimsókn í skólann.*
 - *Kynningarbæklingur og kynningarmyndband um skólann verður endurnýjað og vistað á heimasíðunni. Kynningarmyndband um skólann er nú vistað á heimasíðu hans. Stuttur kynningarbæklingur var útbúinn fyrir opið hús í skólanum á vorönn 2016.*
 - *Að brotthvarf nemenda úr skólanum á árunum 2015 og 2016 haldist áfram lágt og fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar hvort ár. Þessu markmiði verði náð með því að sinna áfram markvissri námsráðgjöf og að í nær öllum áföngum verði leiðsagnarmat í kennslu. Því miður hefur því markmiði ekki verið náð, því brottfallið hefur heldur aukist en dregist saman (sjá nánar í tölum um brottfall). Rík ástæða er til að skoða brottfallið betur og skoða nánar þennan mun sem er á brottfalli á milli haustanna 2014 og 2015 og voranna 2015 og 2016 og reyna að skilgreina betur hvar vandinn liggur.*
- *Að vinna að auknum gæðum kennslu með því að stuðla að umræðu og samvinnu um bættu kennsluhætti og námsmat. Rýnihópar nemenda, kennara, stjórnenda og sjálfsmatsnefndar verði myndaðir á haustönn 2015 sem munu endurskoða skipulag kennslu, kennsluhætti og námsmat. Starfsdagar, kennarafundir og reglulegir fundir á fimmtudögum verði nýttir til þessarar vinnu. Unnið var eftir þessar áætlun á vegum sjálfsmatsnefndar. Rýnihópar nemenda og kennara voru myndaðir og unnið úr niðurstöðum. Endurmat á*

kennslu og kennsluháttum fór fram á vegum stjórnenda á starfsdögum, kennarafundum og fimmtudagsfundum sem m.a. voru nýttir vor og haust til þessarar vinnu.

3. Sjálfsmatsáætlun MÍ skólaárið 2015-2016

Sjálfsmat fór fram við skólann í samræmi við framhaldsskólalög og var unnið af sjálfsmatsnefnd. Nefndin undirbjó starf vetrarins og gerði sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016.

Á skólárinu 2015-2016 var gerð áætlun um að eftirtaldir þættir yrðu metnir:

Haustönn 2015:

- Ágúst: Umbótaáætlun haustannar unnin og samþykkt á starfsdögum. Hvernig tókst til? *Ákveðið að fresta þar til ytra matið kemur.*
- September: Unnið að sjálfsmatsskýrslu. *Ytra mats skýrslan barst í september.* Hvernig tókst til? *Lögð var fram samantekt úr ytra mats skýrslunni fyrir stjórendur með tillögum til úrbóta sem síðan var kynnt á kennarafundi 15. október.*
 - *Í kjölfarið var kosin nefnd til að fara yfir skólaregur og skerpa þær og vinnuferlið við meðferð mála.*
 - *Ákveðið að auglýsa eftir áfanga- og gæðastjóra frá áramótum en í skýrslunni kom fram að fækkun í stjórnun hefði haft neikvæð áhrif á faglegt starf skólans. Nemendaráð hvatt til að kjósa tvo fulltrúa í sjálfsmatsnefnd.*
 - *Leitað var samstarfs við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um að fá skólahjúkrunarfræðing til að koma vikulega í skólann og sinna líðan nemenda. Skólahjúkrunarfræðingur hóf störf í janúar sem tilraunaverkefni á vorönn.*
- Október: Sjálfsmatsskýrslu skilað. Hvernig tókst til? *Tókst ekki að skila fyrr en eftir áramót.*
- Nóvember: Rýnihópar nemenda. Hvernig tókst til? *Niðurstöður kynntar fyrir stjórendum á fundi stjórenda og með tölvupósti.*
- Desember: Umbótaáætlun haustannar. Hvernig tókst til? *Tillögur um úrbætur f. vorönn. Horft áfram á niðurstöður ytra mats frá haustönn.*

Vorönn 2016:

- Janúar: Umbótaáætlun fyrir vorönn lögð fram. Hvernig tókst til? *Horft áfram að niðurstöðum ytra mats frá haustönn.*
- Febrúar: Unnið úr niðurstöðum rýnihópa. Hvernig tókst til? *Unnið að niðurstöðum. Bætt við netkönnun fyrir skipstjórnarnema.*

- Febrúar, mars og apríl: Starfspróunarviðtöl unnin af stjórnendum. Hvernig tókst til? Unnið úr skipstjórnarkönnun.
- Mars: Rýnihópar kennara. Hvernig tókst til? Unnið að niðurstöðum.
- Apríl: Foreldrakönnun. Hvernig tókst til? Könnun lögð fyrir.
- Maí: Unnið úr niðurstöðum foreldrakönnunar vorannar. Hvernig tókst til? Ekki var unnið úr könnun vegna léglegrar þáttöku.

4. Matsaðferðir og gagnaöflun

Kennslukönnun: Kennslukannanir voru ekki lagðar fyrir á haustönn 2015 og vorönn 2016. Reynd var ný nálgun og nemendum og kennurum skipt í valda hópa sem voru tilviljanavaldir. Rætt var við þrjá rýnihópa nemenda og einn kennararhóp.

Mat á kennsluháttum: Settir voru saman tveir blandaðir rýnihópar nemenda og einn rýnihópur kennara. Niðurstöður kynntar á stjórendafundi og kennarafundi á vorönn 2016.

Viðhorfskannanir: Meginleg netkönnun meðal skipstjórnarnemenda um ýmsa þætti er sneri að skipstjórnarnáminu. Niðurstöður sendar skólameistara. Meginleg könnun meðal foreldra. Engar niðurstöður.

Ytra mat:

Stofnun ársins: Könnun sem framkvæmd var 2016 af Capacent Gallup fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Úttekt á starsemi Menntaskólans á Ísafirði unnin af Attentus: mannauður og ráðgjöf vorið 2015 fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi einkunnardreifingu, innritun, útskrift, brottfall, nemendafjölda á brautum og fleira.

5. Lykilþættir sem meta á í skólastarfinu

Ferli úttekta og kannana felst í því að geta skoðað það sem fram fer í skólastarfinu og vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið, skoða hvernig til hefur tekist og setja ný markmið. Þau hjálpartæki sem nýtast við matið eru spurningalistar, viðhorfskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.fl. Yfirlit yfir úttektir og kannanir á lykilþáttum í skólastarfi eru að finna í töflu 4.

Tafla 4. Lykilþættir sem metnir eru úr í skólalstarfinu

Hvað gerum við	Hve oft?	Hver?	Ágú.	Sept	Okt.	Nóv	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Aprí	Maí	Jún.
Skólasókn	Vikulega	KEN	V	V	V	V		V	V	V	V	V	
Skólasóknaryfirlit	Mánaðarlega	SKR		V	V	V	V	V	V	V	V	V	
Miðannarmat	Einu sinni	KEN			V				V				
Mat sent foreldrum	Einu sinni	ASK			V				V				
Námsmat	Á hverri önn	KEN	V	V	V	V	V	V	V	V	V	V	
Brottfall í áfanga	Á hverri önn	KEN					V					V	
Úrslit námsmats	Á hverri önn	KEN					V					V	
Samantekt námsmats	Á hverri önn	ASK					V					V	
Sjórnendur													
Starfsþróunarviðtöl	Á vorönn	SKM /AS M							V	V	V		
Ársskýrsla	Árlega	SKM								V			
Skýrsla um skólasókn	Á hverri önn	ASM					V						V
Skýrsla um námsmat	Á hverri önn	ASM					V						V
Skýrsla um brottfall	Á hverri önn	ASM					V						V
Ársskýrsla	Árlega	SKM								V			
Skólanámskráin	Á hverri önn	NSK					V						V
Markmið námskrár	Á hverri önn	NSK					V						V
Sjálfsmatsnefnd													
		SMN	V 13	H 13	V 14	H 14	V 15	H 15	V 16	H 16	V 17	H 17	V 18
Áfangakönnun	Annað hvert ár*	SMN	V	V	V	V	V	*	*	V	V	V	V
Rýnihópar nem/ken	Annað slagið*	SMN					V	V	V		V	V	V
Foreldrakönnun	Annað hvert ár				V				V				V
Stjórnunar- og þjónustukönnun	Annað hvert ár	SMN				V				V			
Líðan nemenda	Annað hvert ár	RoG		V				V				V	

*Áfangakönnun H2015 V2016 frestað en teknir rýnihópar nemenda og kennara í staðinn.

Skammstafanir: KEN=kennarar, SKR=skifstofa, SMN=sjálfsmatsnefnd, SKM= skólameistari, ASM=aðstoðarskólameistari, NSK= námskrárstjóri.

6. Niðurstöður kannana sem unnar voru af sjálfsmatsnefnd veturinn 2015-2016

6.1 Niðurstöður rýnihópa nemenda

Frá árinu 2008 hefur verið lögð töluverð vinna í að endurskoða kennsluhætti í skólanum. Vægi lokaprófa hefur minnkað og leitast hefur verið við að efla leiðsagnarmat í áföngum. Í því augnamiði að kanna upplifun nemenda af breyttum kennsluháttum kallaði sjálfsmatsnefnd saman rýnihópa nemenda og kennara til að meta ýmsa þætti sem tengjast kennslunni. Settir voru saman þrjú blandaðir rýnihópar nemenda og einn rýnihópur kennara. Nemendur og kennarar voru valdir í hópa með tilviljunarúrtaki

Nokkur afföll voru í nemendahópunum en allir kennarar mættu. Fulltrúi úr sjálfsmatsnefnd stýrði umræðu í hverjum hópi. Hver hópur hittist einu sinni. Fundir rýnihópanna fóru fram í lok febrúar og mars 2016.

Rýnihópur 1, blandaður hópur verknám og bóknáms. Úrtakið 15 nemendur 7 stúlkur og 6 drengir. Sex mættu, 3 stelpur og 3 strákar.

Rýnihópur 2, blandaður hópur bóknáms, úrtakið 15 nemendur. Úrtakið 6 drengir og 9 stúlkur. Tíu mættu, 6 stúlkur og 4 strákar. Alls voru 6 nemendur á 3.-7. önn og 4 á 1. önn

Rýnihópur 3, blandaður hópur bóknáms, Úrtakið 14 nemendur. Sjö mættu, 4 stúlkur og 3 drengir. Enginn nýnemi.

Hvað finnst þér um námsálag í skólanum, s.s. verkefnaskil og hlutapróf?

Nemendum í rýnihópi 1 í bóknámi finnst vera mikir toppar í náminu en fannst líklegt að svo yrði það að vera vegna lotumats/miðannarmats og loka annar. Verknámsnemendum finnst álagið vera jafnt og þétt. Í rýnihópi 2 tiltók einn eldri nemandi sérstaklega leiðsagnarmat og sagði það æðislegt. Þar kom fram gagnrýni á að félagsfræðin væri yfirgripsmikil og verkefni í margar vikur og þýða þurfi enskar greinar og erfitt að „ná í skottið á sjálfum sér“. Nemendur í hópi 3 töldu námsálag almennt vera hæfilegt. Það væri þó misjafnt eftir kennurum og áföngum. Nemendur töldu vinnuálag ekki of mikið og ekki of lítið, en nefndu að stundum kæmu álagspunktar á önninni þar sem mjög mikið væri að gera. Slíkir álagspunktar væru helst í lok annarinnar, og í kringum miðannarmat (og áður lotumat). Námið sé skipulagt eins og um háskólanám sé að ræða og þeir eigi í erfiðleikum með að skilja sum hugtökin á íslensku, hvað þá að þurfa að þýða þau frá ensku yfir á íslensku.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: skipuleggja betur vinnuálagið yfir önnina.

Hversu leiðbeinandi er miðannarmatið ? (bókstafir /tölur/umsögn?)

Almennt í rýnihópi 1 voru nemendur ánægðir með matið en strákunum fannst betra að hafa lotumat frekar en eitt miðannarmat. Skiptar skoðanir um hvort betra væri að fá bókstaf eða umsögn. Fleiri voru þó á því að gott væri að fá bæði staf og umsögn, vildu rökstuðning fyrir bókstafnum, sagði einn. Í rýnihópi 2 var rætt um ósanngjarnt mat á nemendum og oft lítið sem væri hægt að meta, jafnvel persónuleg skoðun kennara á einstaklingunum. Svólítið rætt um stór verkefni sem tekur margar vikur að vinna og lesa enskar greinar vildu frekar fá minni verkefni en stærri. Í rýnihópi 3 töldu nemendur gagnlegra að fá umsögn heldur en bara bókstaf, og fannst mikilvægt á fá rökstuðning fyrir því hvers vegna þau fengu þann bókstaf sem þau fengu.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: gefa einnig umsögn og rökstuðning fyrir bókstafnum.

Hver er reynsla þín að endurgjöf kennara, lærir þú eitthvað af henni?

Í rýnihópi 1 voru nemendur almennt ánægðir með endurgjöf kennara en höfðu ekki mikla skoðun á því almennt. Í rýnihópi 2 voru allir nemendur sammála um að gott væri að fá endurgjöf frá kennara þar sem fram kemur hvað þarf að laga og ekki síst hvað var vel gert. Þeir segja þó að það sé alltof sjaldan að þeir fái slíka endurgjöf og einn nemandi sagðist aldrei hafa fengið slíka. Í rýnihópi 3 höfðu allir nemendur reynslu af endurgjöf kennara, t.d. í formi athugasemda þegar verkefnum er skilað til baka. Þau töluðu um að þeim þætti endurgjöf gagnleg, það væri gott að geta lært af mistökum og gert betur næst. Þeim finnst gott þegar þau fá umsögn um verkefni en ekki bara einkunn.

Skilaboð til kennara og stjórnenda:gefa nemendum endurgjöf og benda á hvað þarf að laga svo þeir geti gert betur næst. Góð umsögn betri en einkunn.

Hefur þú reynslu af sjálfsmati/jafningjamati ? Hvernig nýtist sú reynsla í náminu?

Í rýnihópi 1 könnuðust nemendur allir við sjálfsmat og jafningjamat en fannst það misjafnlega gagnlegt, einn nemandi sagðist aldrei treysta því, annar taldi það segja sér það sem hann vissi. Nemendur héldu þó fram að það hafi verið meir um sjálfsmat/jafningjamat hér áður en nú hafi dregið úr slíku mati. Í rýnihópi 2 voru ekki allir ánægðir með jafningjamat eftir kynningarverkefni, persónulegir þættir kæmu þar inn og duglegir nemendur fái slaka einkunn og þeir kallaðir kennarasleikjur. Þar kom fram að einn kennari hefur þann háttinn á að taka úr núllin og tíurnar áður en meðaleikunn er reiknuð og það fannst þeim gott. Í rýnihópi 3 töldu nemendur jafningjamat og sjálfsmat gagnlegt til að spá í hvernig þau gætu bætt sig. Þau nefndu þó að þau treystu kennaramati betur en sjálfsmati og jafningjamati, og þeim fannst mikilvægt að fá líka kennaramat fyrir verkefni, að einkunn væri ekki bara byggð á jafningjamati og sjálfsmati.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: Huga vel að jafningjamatinu og gefa jafnframt kennaramat.

Hvaða kennsluáferðir (kennsluhætti) notar kennarinn? Ýta þeir undir sjálfstæð vinnubrögð?

Í rýnihóp 1 voru nemendur í bóknámi samála um að fyrirlestrar væru enn algengir. Margir kennarar með 20 mín fyrirlestur og svo verkefni oft uppúr bókinni eða verkefnabók. Nemendur gátu ekki mikið tjáð sig um að þau væru hvött til sjálfstæðra vinnubragða en sögðust oft vinna hópverkefni svo ættu þau að kynna verkefnin. Í rýnihóp 2 sögðu yngri nemendur að kennari tali, skrifi á töflu og síðan skrifa nemendur jafnóðum niður. Eldri nemendur telja fyrirlestra áberandi sem ofar dregur í námi og algengt að kennarinn lesi af glærunum en komi ekki með neitt nýtt, þ.e. tali í kringum þær. Nemendum finnst gott að fá glærupakka inn á Moodle, sem hægt væri að skoða heima og spyrja síðan kennarann ef eitthvað væri óljóst. Nemendur í rýnihópi 3 sögðu algengast að kennari væri með innlögn í byrjun tímans, og svo ættu nemendur að vinna sjálfir í verkefnabók eða kennslubók. Einstaka kennarar eru með langa fyrirlestra, en þau sögðu það ekki algengt. Nemendur sögðust einnig stundum vinna hópverkefni, og nokkuð algengt væri að þau ættu að kynna verkefni sín í formi fyrirlestra.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: Halda betur á loft að skólinn gefur sig út fyrir að vera með leiðsagnarmat. Ræða betur um kennsluhætti og leiðsagnarmat í kennarahópnum.

Hvernig eru nemendur hvattir til virkrar þátttöku í kennslustundum?

Nemendum í rýnihópi 1 finnst þeir meira vera að fara eftir fyrirmælum. Eftir smá umleitan sögðust þeir eiga að leita að upplýsingum fyrst og spyrja svo kennarann. Sumir nemendur virtust geta tjáð sig í kennslustundum. Sumum finnst það þjó mjög erfitt. Bóknámsnemendur sögðust sjaldan tala við kennara um skólastarfið, bara gera það sem þeim er sagt að gera hverju sinni. Verknámsnemendur sögðust alltaf geta rætt við kennara og lagt fram hugmyndir og fengið að leggja sitt til málanna t.d. ef smíða á eitthvað sem ekki er algjör skylda. Eldri nemendur í rýnihóp 2 telja að ef kennari nær vel til nemenda eru nemendur duglegir að spyrja og taka þátt í umræðu og eldri nemendur nefndu sérstaklega tvo kennara ~~sem~~ sem dæmi um kennara sem næðu vel til nemenda. Yngri nemendur svöruðu fáu, könnuðust sumir við að kennarinn væri að kalla eftir þeirra skoðunum en eitthvað væri nú fátt um svör. Nemendur í rýnihópi 3 sögðu misjafnt hvort þau væru hvött til virkrar þátttöku í kennslustundum, en það væri helst í formi umræðna, verkefnavinnu og kynningu á verkefnum.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: Huga að því að því að skapa þannig andrúmsloft í kennslustunum að nemendur geti rætt um efnið. Kennarar leggi sig fram um að ná góðum samskiptum við nemendur í áföngum og hvetja til þátttöku og umræðu um efnið.

Hvernig er vinnufriður í kennslustundum?

Rýnihópur 1 taldi að það væri góður vinnufrið vera, stundum um of og svo mikil þögn sagði einn (í bóknámi) „...að það er óþægilegt ef maður þarf að segja eitthvað, þá heyra það allir“. Kom fram hjá viðkomandi að þá getur verið erfitt að leita aðstoðar. Nemendur segja aðra

nemendur vera upptekna í sínu t.d. síma, tölvu eða verkefni. Í hópi 2 fannst nemendur góður vinnufriður og létu ekki truflast af spjalli hópsins, sumir töldu kennarann trufla með sífelldu tali þegar nemendur eru að vinna. Hópur 3 taldi yfirleitt góðan vinnufrið nema þá helst í mjög fjölmennum áfögnum, þeir töldu líka að kennarinn truflaði vinnufriðinn með athugasemdum og útskýringum um verkefnin.

Skilaboð til kennara: útskýra vel fyrir nemendum verkefnið og hvernig skal vinna það áður en verkefnavinnan hefst. Nemendum finnst þeir truflaðir við vinnuna ef kennarinn er alltaf að koma með leiðbeiningar á meðan.

Hversu skipulagður finnst þér áfangarnir á Moodle? Lestu skilaboð og fyrirmæli?

Allir rýnihópar segjast yfirleitt skoða skilaboð og fyrirmæli á Moodle. Nemendur töldu best ef ekki væri of mikið á Moodle en það, sem þar væri sett inn, væri skýrt og greinilegt. Rýnihópur 1 töldu tvo kennara almennt vera ómögulega á Moodle og hafi allt í belg og biðu á síðunni svo erfitt væri að átta sig á hlutunum. Nemendur segjast vera hætta að fara inn á þessar síður. Mikil ánægja með Moodle hjá Andreu og nemendur telja að hún eigi að kenna kennurum á Moodle. Rýnihópur 2 benti á að sumir kennarar setji ítarefni inn á Facebook síðu svo Moodle síðan verði ekki of pökkuð. Einnig bent á að hjá einstaka kennara vantaði skipulag og einn kennari flytur gamla áfanga án þess að breyta dagsetningum á skilaverkfrum og tímum. Það sé afleitt. Rýnihópur 3 fannst flestir áfangar vel skipulagðir en hjá sumum er erfitt að finna upplýsingar. Þeir kvörtuðu undan misræmi á kennsluáætlunum og annarra upplýsingar á Moodle.

Skilaboð til kennara og stjórnenda: Kennarar setji glærur inn á Moodle. Sérstaklega þarf að gæta að uppsetningu á Moodle, t.d. þegar eldra efni er dregið inn skal yfirfara tíma- og dagsetningar, passa að það sé samræmi á milli kennsluáætlunar og verkefna. Stjórnendur hafi endurmenntunarnámskeið í Moodle reglulega og t.d. fái t.d. Andreu til að vera með námskeið í uppsetningu á Moodle fljótlega.

Hvernig finnst þér skólabragurinn – andrúmsloft – viðhorf kennara, starfsmanna?

Skólabragður og andrúmsloft gott innan skólans. Rýnihópar sammála um að það væri gott að koma í skólann. Þeim finnst skólinn ágætur og eru ánægð með hann (mætti þó vera meira val um brautir og áfanga). Segjast stolt af skólanum og gott að vera í litlum skóla. Erfitt er þó að fá nemendur til að taka þátt í félagslífinu þeir þori ekki að gefa sig fram. Almennt eru þeir ánægðir með viðmót kennara, þó þar séu einhverjar undantekningar.

- Nemendur rýnihópa almennt ánægð með viðmót og þjónustu sem þau fá í skólanum.
- Stjórnendur, nemendur sjá aðstoðarskólameistara mikið á ferðinni og tala oft við hana en segjast varla vita hverjir aðrir stjórnendur eru (t.d. námskrárstjóri, fjármálastjóri). Heimavistarbúi vissi um fjármálastjóra aðrir ekki og nokkrir vissu ekki hvar stjórnendur eru með skrifstofur.

Í rýnihópi 2 var sérstaklega kvartað undan því að skólameistari svari seint og illa tölvupósti, það geti tekið upp í 3 mánuði. Einnig var kvartað í rýnihópi 2 um að enn hafi ekki borist greiðsla frá skólanum varðandi 3ja bekkjar kaffið.

- Námsráðgjafi.: almenn ánægja og þau segjast geta leitað þangað ef með þarf.
- Bókasafn fær góða dóma, eina kvörtunin sem kom fram var að nemendur geti ekki unnið hópavinnu á safninu en þau geti ekki verið í Gryfjunni vegna hávaða.
- Nemendur í rýnihópum töldu húsvörð ágætan karl en hann væri sjaldan sjáanlegur. Í einum hópnum hlógu þau og sögðu „hver er það?“. Þau voru þó sammála því að hann væri „góður karl“ og hefði þó símann á sér.
- Tveir rýnihópar ræddu um ritarann, í hópi 1 finnst einhverjum hún sjaldan vera við á skrifstofunni og í hópi 2 voru nemendur ánægðir með þjónustu hennar nema strákarnir, sem voru ekki eins kátir án þess að vilja útskýra það frekar.
- Mötuneytið fékk góða dóma þó sumum finnst það of dýrt. Nemendur í hópi 2 vildu gjarnan geta valið um að kaupa t.d. bara salat eða súpu en sleppa að kaupa máltíð. Sumir nemendur fara aldrei í mötuneyti.
- Lánstölvur skólans fá afleita dóma en þjónustan sé góð.

Skilaboð til skrifstofu: Vera sýnilegri og með betra aðgengi, skólameistari taki sig á við að svara póstum, húsvörður hafi fasta viðveru á skólatíma (auglýstan) og ritari sýnilegri. Finna vinnustað fyrir nemendur til að vinna hópavinnu. Mætti athuga með breytingu t.d. á miðakerfi mötuneytis þannig að nemendur gætu sleppt að kaupa máltíð og kaupa sér salat eða súpu í staðinn sem kostaði ekki eins mikið og „allur pakkinn“

Hvaða aðstoð færð þú í einstökum námsgreinum, frá kennara ?- heima?

Ekki eru allir jafnvel settir þegar kemur að aðstoð heima. Öll segjast þau geta fengið aðstoð hjá kennurum og nemendum finnst kennarar viljugir að hjálpa þeim– ef þeir bera sig eftir aðstoðinni og spyrja. Kennarar eru lítið í því að spyrja hvort nemendur þurfi aðstoð. Nemendur óskuðu sérstaklega eftir að kennara fengju þau skilaboð að gefa betri svör þegar nemandi segist ekki skilja. Hóparnir nefndu einnig að þeir fengju góða aðstoð frá bókaverði þegar þeir sitja á bókasafninu að læra. Nemendur segja auðvelt að finna aðstoð utan skólans t.d. á netinu.

Skilaboð til kennara: að spyrja oftar hvort nemendur þurfi aðstoð.

Hvers vegna valdir þú þá braut sem þú ert á?

Nemendur í hópi 2 sögðust hafa valið námsbrautir sem tengdust áhugasviði þeirra eða styrkleika. Þau sögðu t.d. að þau hefðu valið brautina því þeim þætti fögin á brautinni skemmtileg, eða að þau væru góð í þeim fögum sem eru á brautinni. Einn nemandi nefndi að hann hefði valið náttúrufræðibraut til að halda fleiri möguleikum opnum um náms- og starfsval að loknu framhaldsskólanámi. Nemendur í hóp 1 sögðust hafa valið braut út frá áhugasviði eða styrkleika, tveir nefndu að þeir hefðu ekki fengið þá braut sem þeir vildu og völdu þá annað. Einn valdi náttúrufræðibraut vegna þess að allt átti að vera opið (skipti svo yfir á FÉ).

Hverjir eru kostir/gallar við að fara ekki í stórt lokapróf?

Nemendur í hópi 2 voru allir sammála um að betra væri að námsmat færi fram jafnt og þétt yfir önnina frekar en að stór hluti námsmats færi fram í einu prófi. Þeim fannst betra að námsmat væri fjölbreytt, það væru ekki bara próf heldur væri verkefnavinna líka metin, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni. Þau vildu að álagið væri dreift yfir önnina. Þau töldu að það væri mikil pressa við að fara í stórt lokapróf, það gæti valdið kvíða. Nemandi á Náttúrufræðabraut á 5. önn í rýnihópi 1 sagði þó próf vera að stækka og komin allt upp í 50%. Nemendum finnst betra að hafa námsmatið yfir alla önnina. Eldri nemendur töldu þó að betra væri að kunna að taka stór próf áður en þeir fara í háskóla.

Skilaboð til stjórnenda og kennara: Huga að því að þjálfar útskriftarnemendur að taka stórt próf.

Eru nemendur þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri ?

Nemendur töldu að þeir væru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, en gátu ekki svarað því hvernig. Þau töldu sig fá þjálfun í að tjá sig, það væri t.d. algengt að þau þyrftu að kynna verkefni sín fyrir samnemendum.

Skilaboð til kennara: Hugsanlega vantar meiri þjálfun í gagnrýninni hugsun (tala þarf um gagnrýna hugsun í tímum) og að nemendur þori að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þau fá þjálfun í að kynna verkefni en ekki að standa fyrir máli sínu með rökum.

6.2 Niðurstöður rýnihópa kennara

Kennslukannanir voru ekki lagðar fyrir á haustönn 2015 og vorönn 2016. Reynd var ný nálgun og nemendum og kennurum skipt í valda hópa sem voru tilviljanavaldir. Rætt var við þrjá rýnihópa nemenda og einn kennarahóp.

Sjálfsmatsnefnd Menntaskólans á Ísafirði ákvað síðastliðið haust að koma saman rýnihópi kennara og fá fram viðhorf þeirra til ákveðinna atriði er lúta að skólastarfinu. Í febrúar síðastliðinum voru nöfn allra kennara, bæði fastráðinna og stundakennara, sett í pott og úr honum dregin nöfn sex aðila. Þessir aðilar voru boðaðir til fundar með fulltrúa sjálfsmatsnefndar eftirmiðdag í lok febrúar. Allir þeir sem boðaðir voru til fundarins, mættu. Fyrir hópinn voru lagðar sjö spurningar og hver og einn beðinn um að svara hverri spurningu. Viðtalið var tekið upp og svörin skráð niður. Skýrslan sem hér fer á eftir er samantekt á þeim svörum.

1. *Hvernig finnst þér starfsandinn í skólanum, hefur þér liðið vel?*

Viðmælendur voru sammála um að starfsandinn á vinnustaðnum væri almennt góður, umhverfið gott og félagslífið skemmtilegt.

Hins vegar upplifðu þeir undirliggjandi gremju og viðkvæmni sem birtist sérstaklega í athugasemdum og skotum þegar launamál eru rædd, á kennarafundum. Ræða þarf þessi atriði á málefnalegan hátt, án skotgrafahernaðar.

Stjórnendur þurfa jafnframt að vera ákveðnari þegar taka á, á erfiðum málum og fá þau út af borðinu. Ekki skilja þau eftir í lausu loft og óleyst.

Niðurstaða: Starfsandi er almennt góður. Hins vegar vilja kennarar styrkari stjórn. Stjórnendur þurfa að vera ákveðnari þegar taka þarf á erfiðum málum og leysa þau. Ekki skilja þau eftir óleyst.

2. *Hvernig finnst þér hafa tekist til við að bæta upplýsingastreymi milli stjórnenda og kennara í vetur?*

Upplýsingastreymi milli stjórnenda og kennara hefur batnað með tilkomu Vikupóstsins. Viðmælendur töldu gott að fá upplýsingar á einu bretti, gott væri að sjá hvenær stjórnendur funda. Fundargerðir berast almennt fljótt til kennara. Þó má bæta upplýsingastreymið enn meira. Kennarar sjálfir þurfa einnig að vera duglegri við að skoða upplýsingatöfluna reglulega.

Stjórnendur þurfa að gæta þess að boða fimmtudagsfundi með góðum fyrirvara. Eðlilegt er að boða fund með stuttum fyrirvara ef bregðast þarf hratt við en þegar mál þurfa ekki skyndiafgreiðslu verða stjórnendur að taka tillit til þess að kennarar nota líka fundartímann til fagslegs samstarfs og nefndarfunda.

Niðurstaða: Upplýsingastreymi hefur batnað og almenn ánægja er með Vikupóstinn. Stjórnendur verða hins vegar að virða boðunarfrest kennarafundar þar sem starfsmenn nýta einnig fundartímann til fagslegs samstarfs og nefndarfunda.

3. *Hvernig finnst þér stjórnunin í skólanum?*

Vonir eru bundnar við að fjölgun í stjórnendahópnum verði til bóta fyrir skólastarfið. Viðmót stjórnenda í garð starfsmanna er gott og almennt þægilegt að leita til þeirra. Vonir eru bundnar við að gæðastjórnin verði stuðningur við skólastarfið.

Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri halda málum gangandi og sjá til þess að hlutir séu framkvæmdir. Skólameistari verður að vera ákveðnari þegar taka þarf á erfiðum málum.

Sumar greinar innan skólans virðast mæta meiri skilningi stjórnenda en aðrar, og þá sérstaklega skólameistara. Skólameistari og stjórnendur mega setja sig betur inn í það sem er að gerast í kennslustundum hjá kennurum, koma í tíma og kynna sér hvað er í gangi hjá hinum ýmsu hópum. Með því móti gæti skilningur þeirra á því hvað kennarar eru að kljást við inn í kennslustundum, aukist. Stjórnendur og kennarahópurinn þurfa í sameiningu að vinna að því að koma á betra skipulagi varðandi samræmt verklag, kennsluáætlanir, námsmat og verkefnaskil. Í þeim málum er of mikið agaleysi og hver og einn að spila eftir sínu höfði. Þar þurfa stjórnendur að setja skýrar reglur, leggja markvisst línur sem kennarar eiga að fara eftir og vera leiðandi.

Skýran ramma þarf utan um fjarnámið ef það á að verða sá vaxtabroddur sem vonast er eftir.

Niðurstaða: Almenn ánægja með viðmót stjórnenda í garð starfsfólks og vonir bundnar við komandi gæðastjórnun. Stjórnendur þurfa að setja sig betur inn í það hvað er að gerast inni í kennslustundum og meðal einstakra hópa. Einnig að koma á betra og samræmdara skipulagi varðandi verklag kennara í samráði við þá og vera meira leiðandi í faglegu starfi.

4. *Ertu ánægð/ur með öryggið á vinnustaðnum? Starfsaðstöðu, tölvutækni, einelti?*

Almenn ánægja er með kennarastofuna og breytingarnar á henni. Búnaður í verklegum stofum er ágætur og auðvelt að biðja um það sem vantar.

Stjórnendur fá hrós fyrir að taka á ruslaflokkun. Hins vegar þarf að taka á ruslaflokkuninni á kennarastofunni. Lagt til að merktar ruslafötur, líkt og eru í rými nemenda, verði fengnar á kennarastofuna.

Ekki töldu viðmælendur sig verða vara við einelti meðal starfsmanna.

Netið er lélegt, erfitt er að vista stjórar skrár og því nýtast nýju tölvurnar, sem keyptar voru, ekki sem skyldi. Bæta þarf tölvumálin hjá stundakennurum, gömlu tölvurnar sem þeim var úthlutað, virka orðið illa

Allir viðmælendur voru sammála um að bæta þurfi loftræstinguna í skólanum verulega. Tími er kominn á ný kennaraborð og púlt í kennslustofum. Einnig þarf að taka á umgengni í skólanum. Ónýtir og gamlir hlutir, sem ekki eru lengur í notkun, eru víða sjáanlegir á göngum skólans. Þannig ruslagangur hefur áhrif á umhverfið og umgengni almennt.

Viðmælendur nefndu m.a. að nemendahópar í kennslustofum séu oft of stórir fyrir rýmið og ættu kennarar erfitt með að komast um stofurnar vegna þessa. Stjórnendur þurfa að hafa þetta atriði í huga þegar ráðað er í stofur og hópa.

Niðurstaða: Almenn ánægja með breytingar á kennarastofunni og ruslaflokkun. Hins vegar þarf að taka á ruslaflokkun á kennarastofunni, bæta loftræstingu, almenna umgengni og vinnuaðstæður kennara skólastofum.

5. *Hversu ánægð/ur ert þú með að vinna að mættum kennsluháttum innan skólans, þ.á.m. leiðsagnarmati? Hvað fór vel, hvað fór illa?*

Leiðsagnarmat er af hinum góða. Setja þarf nýja kennara markvisst inn í það hvað leiðsagnarmat gengur út á um leið og þeir hefja störf við skólann.

Almenn ánægja er með skjalið sem sett var upp og sýnir dreifingu á verkefnaskilum.

Stjórnendur verða að leggja línurnar og samræma markvisst verklagsreglur í kringum leiðsagnarmatið, t.d. vegna endurgjafar á verkefni, grunnumsögn og fleira sem allir verða að fara eftir.

Nemendahópar í skólanum eru orðnir það stórir að kennarar veigra sér við að nota leiðsagnarmat í miklum mæli. Einnig velta ýmsir kennarar fyrir sér hvort hægt sé að vinna með leiðsagnarmat í fjarnámi, þar sem greiðslur fyrir það, eru takmarkaðar. Efasemdir komu upp meðal viðmælenda um það, hvort kennsluháttum hafi í raun verið breytt svo mikið innan skólans. Stækkandi nemendahópar eru taldir þar einn áhrifapátturinn.

Lagt var til í umræðuhópnum að kennarar gerðu meira af því að kynna það sem þeir væru að fást við í sínu starfi. Einnig að þeir sem færu á námskeið, segðu frá reynslu sinni og upplifun. Fagfundir, sem settir hefur verið inn í dagskrána, eru af hinu góða en þeir eru stundum of stýrðir.

Niðurstaða: Leiðsagnarmat er af hinu góða og almenn ánægja með tilraunir til að fá yfirsýn yfir það hvernig verkaefnaskil dreifast á önnina. Stórir nemendahópar valda því þó að kennarar noti leiðsagnarmat í miklum mæli og efasemdir eru um að kennsluhættir hafi í raun breyst svo mikið.

6. *Hvað finnst þér um breyttar áherslur með fjarnámið? Ertu tilbúin/n til að taka á við breyttar áherslur í kennslunni.*

Viðmælendur voru sammála um að fjarnámið væri vaxtabroddur skólans og þar lægju tækifærin. Hins vegar þarf að leggja mikla faglega vinnu í fjarnámið. Stjórnendur þurfa að vinna að markvissri stefnumörkun, varðandi fjarnámið, gera ráð fyrir því að fjarnám krefst mikillar vinnu ef vel á að því að standa. Gefa þarf kennurum tíma til að vinna að undirbúningi fyrir fjarnámið líkt og fyrir aðra kennslu og gera ráð fyrir því í launagreiðslum til kennara. (Umræðan snerist einnig um að greiðslur fyrir fjarnám væru bundnar í kjarasamningi.)

Viðmælendum fannst að fjarnámið ætti ekki að vera uppfylling þegar vantar upp á dagskólakennslu. Viðmælendur voru einhuga um að ekki gengi að segja við kennara að þeir ættu ekki að gera of mikið eða að þeir ættu ekki að leggja of mikla vinnu í fjarnámið, einungis það sem greitt væri fyrir. Ef nota á leiðsagnarmat og svipaðar kennsluaðferðir í fjarnáminu og dagskólanum, verði að gera ráð fyrir vinnu kennara við það.

Niðurstaða: Leggja þarf mikla faglega vinnu í fjarnámið. Þar liggja tækifærin. Gefa þarf kennurum tíma til að vinna að því líkt og annarri kennslu. Stefna skólans varðandi fjarnámið verður að vera skýr og taka þarf í reikninginn að fjarnámið krefst mikillar vinnu ef vel á að því að standa.

7. *Ef þú mættir velja eitt atriði sem þú vilt bæta í skólastarfinu, hvaða atriði væri það? Hvaða væntingar hefur þú til breytinga á skólastarfinu í framtíðinni? Hvernig getum við gert MÍ að betri skóla í framtíðinni?*

Breyta má skipulagi námsins í skólanum, ef áherslan verður sífellt meiri á fjarnám, t.d. með því að skipta náminu í lotur. Með því að ljúka lotu með verkefnaviku fyrir dagskólanema, væri hægt að koma upp staðlotum fyrir fjarnema og nýta á þann hátt starfskrafta kennara vel, bæði fyrir fjarnám og dagskóla.

Lengja má undirbúningstíma kennara á haustin, það skiptir ekki síst máli fyrir nýja kennara. (Viðmælendum var þó ljóst að um væri að ræða samningsbundið atriði.) Einnig ættu stjórnendur að forðast að leggja meiri vinnu á hvern kennara en 100%, því að of mikil vinna kemur niður á gæðum kennslunnar.

Efla þarf skólabraginn og gera bæði nemendur og kennara stoltari af skólanum. Bæta þarf aga og virðingu fyrir námi, mætingu, kennurum, skólanum. Of slakur taumur kallar á kæruleysi og virðingarleysi.

Skólinn mætti vinna meira með samfélaginu og ræða ábyrgð atvinnulífsins gagnvart skólanum. Nemendur eiga ekki að þurfa að velja á milli vinnunnar og skólans.

Skólinn þarf að vera duglegri við að auglýsa það sem er vel gert.


Niðurstaða: Huga má að breyttu skipulagi náms ef leggja á meiri áherslu á fjarnámið. Gera þarf ráð fyrir lengri undirbúningstíma kennara á haustin. Efla þarf skólabraginn og taka á agamálum og umgengni. Kæruleysi og virðingarleysi gagnvart stofnuninni, umhverfi hennar er talið of mikið. Skólinn þarf að auglýsa betur það sem vel er gert.

„Ég er mjög ánægður með þennan fund og ég er mjög ánægður með Menntaskólann á Ísafirði og finnst gaman að vinna hérna. Ég myndi bara vilja hafa þetta svolítið rammaðra, meiri aga og skýrari leikreglur.“


6.3. Niðurstöður viðhorfakönnunar skipstjórnarnema

Stórnendur og tengiliður skipstjórnarbrautar, Stella Hjaltadóttir, náms- og starfsráðgjafi höfðu fundaði með skipstjórnarnemum um ýmiss málefni er tengdist kennslu og skipulagi brautarinnar. Nokkurrar óánægju hafði gætt innan hópsins á námstímanum og var ákveðið að skoða viðhorf skipstjórnarnema áður en farið væri á stað með nýjan hóp.


Skipstjórnarnemar fengu senda viðhorfskönnun og nokkrar ítrekanir. Af 18 nemendum voru 7 þátttakendur sem svöruðu könnuninni í heildina eða 38,9%.



2. Hvernig varst þú undirbúinn fyrir þetta nám?





3. Hefði þurft undirbúningsnám fyrir skipstjórnarnámið?



3b. Ef þú svaraðir sammála, hvaða undirbúningur hefði verið æskilegur?

- Grunnatriði í stærðfræði fyrir sin og cos
- Fjarnámskennslutækni

4. Var meira álag í náminu en þú bjóst við?



5b. Ef þér fannst fyrirkomulagið slæmt, hvernig hefði verið æskilegra að hafa það?

Gagnrýni á kennsluna í ákveðnum áföngum um að aðeins hafi verið gerð verkefni úr bók. Nemendur hefðu viljað meiri beina kennslu.

6. Hvað þarf að bæta ef námið fer aftur af stað?

Nokkurrar óánægju gætti meðal nemenda í svörum þeirra um kennlu og námsskipulag. Gagnrýni á að fyrirkomulagið hefði ekki verið nægilega fullmótað áður en námið hófst. Einnig var nokkur óánægja með stuðningstíma en þá hefðu sumir viljað beina kennslu í ákveðnum áföngum. Verkefnaskil hefðu mátt vera ljós í upphafi annar.

Niðurstaða: Þær niðurstöður sem draga má af þessu er að leggja hefði mátt meiri alúð við undirbúning og skipulag námsins og hafa betri samvinnu við móðurskólann um kennsluna.

6.4. Foreldrakönnun

Viðhorfakönnun var lögð fyrir á netinu í lok apríl 2016. Könnunin var opin í viku en síðan framlengd um viku. Foreldrar fengu tölvupóst í tvígang.


Þessari könnun er ætlað að meta viðhorf foreldra til skólans og þjónustu hans. Því miður náðist lítil svörun og ekki þótti ástæða til að draga niðurstöður saman. Þar sem þetta er í þriðja sinn sem lítil svörun fæst við foreldakönnun þykir nefndinn vænlegra að kalla til rýnihóp foreldra næsta skólaár.

7. Töluleg gögn


7.1 Einkunnadreifing haustönn 2015 og vorönn 2016

Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013-2014 er að finna samanburð á einkunnadreifingu, sundurliðað efir önnum, sem nær frá vorönn 2008 til vorannar 2014. Niðurstöður sýndu að full ástæða væri til að halda áfram að skoða niðurstöður úr áföngum með tilliti til breyttra kennsluhátta (leiðsagnarmats) og var það áætlað að gera á síðasta ári. Því miður vannst ekki tími til þeirra vinnu eins og lagt var upp með. Á mynd 3 og 4 má sjá einkunnadreifingu lokamats haustannar 2015 og vorannar 2016.

Mynd nr. 3 Einkunnadreifing haustannar 2015



Mynd nr. 4 Einkunnardreifing vorannar 2016



Mestur munur er á fjölda nemenda sem fá einkunnina 9 sem lokamat, en þeir eru aðeins fleiri á haustönn 2015 (20,5%) en á vorönn 2016 (16,4). Virðist sem einhvers konar jafnvægi sé komið á einkunnadreifinguna en mikil sveifla var sjáanleg á árunum frá 2010 til 2013 þegar 10-15% nemenda hlutu einkunnina 10. Á vorönn virðist einkunnadreifingin frekar vera að líkjast normalkúrfunni en þó þannig að einkunnir séru í hærra lagi. Ástæða er til að taka einkunnaumræðuna á kennarafundum og ræða þessar breytingar. Hugsanlega er leiðsagnarmatið að hafa áhrif bæði til lækkunar og hækkunar á einkunnir skólans.

7.2 Brotthvarf haustönn 2015 og vorönn 2016

Stefna skólans undanfarin ár hefur verið að minnka brotthvarf nemenda frá námi í dagskóla. Tekið er mið af fjölda innskráðra nemenda í dagskóla. Brotthvarf á haustönn var 2,8% og hafði því heldur dregið úr því frá því á haustönn 2014 en þá var brotthvarfið 5,5% sem var aðeins yfir 5% viðmiðinu. Á vorönn 2016 var brotthvarfið einnig 2,8% sem er talsvert betra en á vorönn 2015 en þá var það 6,6%.

Skólinn vinnur að því með markvissum hætti að minnka bæði brotthvarf nema frá námi og eins brottfall úr einstökum áföngum. Það má því segja að nokkur árangur sé sýnilegur á skólaárinu 2015-2016 varðandi brotthvarfið. Þó er nauðsynlegt að starfsfólk skólans haldi stöðugt vöku sinni í vörnum gegn brotthvarfi.

8. Niðurstöður kannana sem unnar voru af aðilum utan skólans

Úttekt á Menntaskólanum á Ísafirði (greining unnin af Attentus – mannauður og ráðgjöf vorið 2015,

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=19BBB8A44C1A0C5F00257EC900585AA5&action>

8.1 Samantekt úr niðurstöðum ytra mats

Greiningin byggir á viðtölum við stjórnendur, kennara, starfsmenn, nemendur, fulltrúa í skólanefnd, skólaráði og foreldraráði og mati úttektaraðila. Gögn skólans voru almennt talin mjög góð. Sjálfsmatsnefnd vann samantekt úr skýrslunni fyrir fund með stjórendum.

Helstu styrkleikar

- vera eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum sem býður upp á verklegt nám,
- góð tengsl við atvinnulíf á svæðinu og grenndarsamfélag sem skólinn hefur hækkað menntunarstig í,
- fjölbreytt námsval og kennsluaðferðir þar sem reynt er að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp með góðri stoðþjónustu og samstarfi við Fjarmenntskólann,
- ánægðir nemendur og starfsfólk.
- góður starfsandi, mikil nánd
- metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, stöðugleiki í starfsmannahópi
- gott samstarf skólanefndar og skólameistara
- heimavist og mötuneyti

Helstu veikleikar

- erfiðlega gengur að laða að kennara með full réttindi,
- aga og umgengni er ábótavant og skólreglum ekki fylgt nægilega vel eftir,
- óljós viðmið um verkefnaskil sem skapar álag á nemendur
- hröð fækkun nemenda
- stærsta upptökusvæði skólans er fámennt sem getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val um nemendahóp
- námsval nemenda er mjög kynbundið
- móttaka nýrra kennara ekki nægilega markviss
- símenntunaráætlun er ekki til staðar
- fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein)
- ekki hefur tekist að uppfylla markmið starfsbrautar um verklegt nám

Tillögur til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn, skólanefnd og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Þar sem ekki virðist ríkja sátt um aga og umgengnismál er lagt til að komið verði á samstarfsnefnd um þessi mál. Hlutverk nefndarinnar verði að endurskoða skólareglur og viðurlög. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.

Aðgerðir:

Endurskoðun skólareglna mun fara fram í skólaráði. Til viðbótar við skólarád verða kallaðir til eitt foreldri, einn kennari og einn nemandi. Endurskoðun á skólareglum á að vera lokið fyrir 1. desember 2015 og í beinu framhaldi verða endurskoðaðar skólareglur lagðar fyrir kennarafund í desember. Nýjar skólareglur munu taka gildi við upphaf vorannar 2016.

2. **Skoðað verði hvernig festa megi viðmið um verkefnaskil.**

Aðgerð:

Í september s.l. var haldinn fundur á sal með nemendum skólans, bæði nýnemum og eldri nemendum, þar sem farið var yfir ýmislegt sem varðar verkefnaskil og heimavinnu. Í október var haldinn fundur með kennurum nýnema þar sem farið var yfir verkefnaskil og verkefnaálag og hvernig mætti samræma aðgerðir. Verkefnaskil verða rædd á fundum kennara í nóvember og óskað eftir tillögum sem og í samstarfshóp um endurskoðun á skólareglum. Í framhaldinu verður útbúin ný verklagsregla um verkefnaskil sem tekur gildi við upphaf vorannar 2016.

3. **Gera þarf áætlun til að bregðast við fækkun í skólanum á næstu árum svo skólinn geti haldið áfram starfsemi sinni sem er upptökusvæði hans afar mikilvægt. T.d. gæti skólinn skapað sér enn frekari sérstöðu og eflt rafrænt nám þannig að nemendur skólans komi sem víðast að.**

Farið verður í ýmsar fjölbreyttar aðgerðir til að bregðast við fækkun nemenda og er sú vinna þegar hafin.

- a) Samvinna við sveitarstjórnir á Vestfjörðum.
- b) Kynning á stöðu skólans á Fjórðungspingi Vestfirðingi og ályktun lögð fram sem var samþykkt.
- c) Lagfæra þarf herbergi á heimavist þ.a. heimavistin geti tekið við fleiri nemendum. Endurbæturnar þurfa að hefjast í vor og verða lokið í júní.
- d) Aukin þjónusta við fjarnemendur og fjarnemum fjölgað.
- e) Samvinna við Fjarmenntaskólann um fjarnám.
- f) Samvinna við starfsendurhæfingu og Vesturafl um stofnun Fjölsmiðju fyrir brotthvarfsnemendur og vinna að endurkomu þeirra í skólann. Var fundað með forsvarsmönnum Fjölsmiðjunnar 17. september og er nú beðið svara um framvindu stofnunar Fjölsmiðjunnar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- g) Aukið sanstarf við grunnskóla á svæðinu. Fundur með skólastjórnendum grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum haldinn 4. nóvember. Fundur með fagkennurum beggja skólastiga i haldinn í framhaldinu.
- h) Tryggja þarf áfram fjölbreytt námsframboð við skólann og auka það enn frekar.
 - i) Tillit þarf að taka til sérstöðu skólans sem eina framhaldsskólans á Vestfjörðum.
 - j) Halda þarf áfram að efla gæði kennslu.
 - k) Óskað hefur verið eftir því í mörg ár við ráðamenn að tekið sé tillit til sérstöðu skólans við endurskoðun á reiknilíkani.
 - l) Auglýsa skólann og kynna betur.

- m) Bæta kynningarefni skólans með áherslu á sérstöðu hans sem er m.a. heimavist og Fab Lab.
- n) Vekja athygli á góðri útkomu skólans í könnun Rannsóknar og greiningar.
- o) Samvinna við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Raunfærnimat í verk- og starfsnám námsgreinum fyrir eldri en 25 ára. Taka tillit til þess að eldri en 25 hafa síður mögulega hér til að stunda bóknám.

4. Kannað verði hvernig fjölga má kennurum með full réttindi sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda.

Aðgerð:

Kennarar sem ekki eru með réttindi verða áfram hvattir til að sækja sér menntun til réttinda og þeim gert kleift að stunda námið samhliða starfi.

5. Hugað verði betur að móttöku nýrra starfsmanna og markvissri endurmenntun. Lokið verði við sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði til frekara samstarfs við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur og enn frekar til nýrra miðla þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður vegna landfræðilegrar legu skólans.

Aðgerðir:

Haustið 2015 var haldinn kynningarfundur með nýjum kennurum og haldinn verður eftirfylgnifundur þegar líða tekur á haustönn. Kallað verður eftir ábendingum frá nýjum kennurum um hvernig megi bæta móttökuna sem og starfsmannahandbóki

Áætlun um sí- og endurmenntunaráætlun er að finna í skólanámskrá. Ljúka skal við vinnu þeirrar áætlunar. Óskað verður eftir hugmyndum frá starfsmannahópnum sem og frá einstaklingum. Verður vinnu þessari lokið 15. janúar 2016.

Hugað verði betur að samstarfi við önnur skólastig á svæðinu til að auðvelda starfsfólki aðgengi að sí- og endurmenntun.

6. Ljúka þarf við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd sjái til þess að leitt verði til lykta mál um brot á jafnræðisreglu frá 2013. Þar sem val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið þarf skólinn að huga að frekari aðgerðum í þá veru að jafna það sbr. lög um jafnrétti.

Aðgerðir:

Unnið er að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum eins og lög segja til um.

Umrætt mál um brot á jafnræðisreglu frá 2013 hefur verið til lykta leitt í samstarfsnefnd.

Skólinn hvetur nú sem fyrr nemendur, óháð kyni, til að sækja sér nám eftir áhuga hvers og eins. Sjálfsmatsnefnd mun veturinn 2015-2016 kanna sérstaklega í rýnihópum nemenda hvað ræður vali nemenda á námi. Í framhaldinu verður hugað að aðgerðum. Átak í þessum málum er þörf á landsvísu.

7. Endurskoða ætti starfsmannahandbók og nýta betur.

Aðgerðir:

Starfsmannahandbók var endurskoðuð fyrir upphaf haustannar 2015. Hún var afhent nýjum kennurum og kynnt öðrum kennurum.

8. Taka ætti saman árangur eftir greinum og æskilegt væri að skoða hvaða áhrif leiðsagnarmat í námsgreinum hefur á áframhaldandi nám nemenda og kanna afdrif nemenda skólans í framhaldsnámi enn frekar.

Þessi vinna er hafin og fer fram í sjálfsmatsnefnd með rýnihópum veturinn 2015-2016.

9. Skólaráð þarf að uppfylla enn betur hlutverk sitt sbr. lög um framhaldsskóla.

Aðgerðir:

Skerpt var á hlutverki skólaráðs við upphafi haustannar.

10. Rýna þarf betur í líðan nemenda, m.a. þar sem vísbendingar eru um hátt hlutfall nemenda sem segjast glíma við kvíða og andlega vanlíðan, og kanna einelti.

Aðgerðir:

Fundað hefur verið með yfirlækni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða um mögulegar aðgerðir til að bregðast við kvíða og andlegri vanlíðan. Sótt verður um styrk til að vinna að úrlausnum í samvinnu MÍ og Heilbrigðisstofnunarinnar m.a. um starfsemi skólahjúkrunarfræðings.

Unnið verður í samstarfi við forsvarsmenn Fjölsmiðjunnar um úrræði fyrir ungt fólk með andlega vanlíðan.

Lagt hefur verið fyrir alla nýnema haustsins 2015 skimunarpróf vegna brotthvarfs. Unnið verður úr niðurstöðu þess, m.a. með sérstöku tilliti til kvíða og andlegrar vanlíðunar. Niðurstöður verða kynntar í byrjun nóvember og verður unnið að aðgerðum í framhaldi af þeirri kynningu.

Lögð verður fyrir nemendur eineltiskönnun á vorönn 2016. (var ekki framkvæmd)

11. Samstarf við grunnskóla á svæðinu og háskóla mætti auka en þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá.

Aðgerðir:

Fundur stjórnenda grunnskólanna í nóvember, fundir kennara í framhaldinu.

12. Stjórnendur, nemendur, og annað starfsfólk eigi fulltrúa í sjálfsmatshópi svo tryggja megi virkari þátttöku aðila skólasamfélagsins, sbr. lög um framhaldsskóla.

Í dag eiga fulltrúar kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í sjálfsmatshópi. Á haustönn 2015 var nemendu boðið að eiga fulltrúa í hópnum en þeir þáðu það ekki vegna anna.

13. Meta þarf þörf fyrir stuðningstíma við nemendur og hvernig virkja megi móttökuáætlun nemenda með annað tungumál en íslensku eftir niðurskurð síðustu ára.

Sjálfsmatsnefnd mun kanna þörf fyrir stuðningstíma í rýnihópnum nemenda veturinn 2015-2016. Unnið verður með aðgerðir í framhaldi af þeirri könnun.

Unnið er að endurskoðun á móttökuáætlun nemenda með annað tungumál en íslensku innan skólans en æskilegt væri að slík móttökuáætlun væri virk fyrir samfélagið í heild sinni.

14. Skoða þarf lausnir svo verklegt nám verði sá hluti af námi á starfsbraut sem því er ætlað að vera. Æskilegt er að sviðsstjóri brautarinnar hafi menntun í sérkennslu.

Unnið er að nýrri námskrá fyrir starfsbraut innan skólans og verður byrjað að kenna eftir henni haustið 2016. Hlutfall verknáms verður aukið í þeirri námskrá og verður svo í raun frá vorönn 2016.

Vegna starfa á starfsbraut hefur ávallt verið auglýst eftir sérkennurum.

8.2. Umbótaáætlun

Á kennarafundi 15. október 2015 var ytra mats skýrslan kynnt fyrir kennurum og eftirfarandi tillögur til úrbóta samþykktar:

- 1. Þar sem ekki virðist ríkja sátt um aga og umgengnismál er lagt til að komið verði á samstarfsnefnd um þessi mál. Hlutverk nefndarinnar verði að endurskoða skólareglur og viðurlög. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.**

Aðgerðir:

Endurskoðun skólareglna mun fara fram í skólaráði. Til viðbótar við skólaráð verða kallaðir til eitt foreldri, einn kennari og einn nemandi. Endurskoðun á skólareglum á að vera lokið fyrir 1. desember 2015 og í beinu framhaldi verða endurskoðaðar skólareglur lagðar fyrir kennarafund í desember. Hvað var gert: Nýjar skólareglur munu tóku gildi við upphaf vorannar 2016.

- 2. Skoðað verði hvernig festa megi viðmið um verkefnaskil.**

Aðgerðir:

Í september s.l. var haldinn fundur á sal með nemendum skólans, bæði nýnemum og eldri nemendum, þar sem farið var yfir ýmislegt sem varðar verkefnaskil og

heimavinnu. Í október var haldinn fundur með kennurum nýnema þar sem farið var yfir verkefnaskil og verkefnaálag og hvernig mætti samræma aðgerðir. Verkefnaskil verða rædd á fundum kennara í nóvember og óskað eftir tillögum sem og í samstarfshóp um endurskoðun á skólareglum. Í framhaldinu verður útbúin ný verklagsregla um verkefnaskil sem tekur gildi við upphaf vorannar 2016. Hvað var gert: Ekki náðist samkomulag um verklagsreglur meðal kennara.

8.3 Stofnun ársins

Starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði svöruðu könnuninni Stofnun ársins árið 2016. Könnunin metur starfsanda og starfsumhverfi stofnanna, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir. Starfsmönnum sem voru í 50% starfi, og höfðu starfað í fjóra mánuði þegar könnunin var lögð fyrir, var boðið að taka þátt í könnuninni.

Þeir þættir sem metnir eru í stofnun ársins eru trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, og ánægja og stolt. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svara atriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 71% árið 2016 miðað við u.þ.b. 60-69% árið áður. Heildareinkunn MÍ var 3,957 en var 3,795 í fyrra. MÍ var í 32 sæti af þeim 50 stofnunum sem skilgreindar eru sem meðalstórar stofnanir (30 sæti í fyrra). MÍ var í 65. sæti af þeim 142 stofnunum sem könnunin náði til (88. sæti í fyrra). (SFR - stéttarfélag í almannajónustu 2016) http://sfr.is/files/20%20til%2049_1164972765.pdf)

Tafla 3 sýnir meðaleinkunn MÍ á þeim þáttum sem metnir eru í könnuninni í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnanna og meðaleinkunn stofnana í sama stærðarflokki og MÍ.

Tafla 3. Meðaleinkunn MÍ á þeim þáttum sem metnir eru í stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnanna. (Gallup, 2016)			
Þáttur	Einkunn MÍ (breyting frá 2015)	Stofnun með 20-40 stm.	Meðaleinkunn allra stofnanna
Heildareinkunn	3,96	4,02	3,96
Stjórnun	3,84 (+0,27)	4,07	4,00
Starfsandi	4,21 (+0,14)	4,23	4,22
Launakjör	3,32 (+0,52)	3,12	2,99
Vinnuskilyrði	3,73 (-0,28)	3,93	3,87
Sveigjanleiki vinnu	3,90 (+0,02)	4,37	4,27

Sjálfstæði í starfi	4,28 (+0,05)	4,30	4,27
Ímynd stofnunar	3,71 (-0,02)	3,84	3,74
Ánægja og stolt	4,29 (+0,19)	4,21	4,15
Jafnrétti (ný mæling)	4,27 (nýtt)	4,12	4,10

Ábendingar um þætti sem eru jákvæðir:

Fimm hæst einkunnir stofnunar

Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu

Kemur vel saman við samstarfsfólk

Mér finnst ég hafa góð tök á öllum þáttum starfs míns

Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum

Ábendingar um þætti sem eru neikvæðir:

Fimm lægstu einkunnir stofnunar

Ánægja með loftræstingu

Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambæilegum vinnustöðum

Ég á auðvelt með að taka sumarfrí á þeim tíma sem mér hentar

Næsti yfirmaður minn sér um að ég hafi möguleika til að þroska mína hæfileika.

Vísbendingar um þætti sem mætti bæta:

- Bæta þarf loftræstingu.
- Skoða sveigjanleika til vinnu.
- Bæta þarf umræðu um möguleika í starfi og laun.
- Bæta þarf ímynd stofnunar (hefur lækkað lítilega á milli ára).
- Auka svarhlutfall starfsmanna

9. Sjálfsmatsáætlun 2015-2018

Ákveðið var að veturinn 2015-2016 verði kennsluhættir og námsmat sérstaklega tekið til skoðunar. Þetta verður gert með fjölbreyttum hætti, meðal annars með rýnihópum nemenda og kennara. Stjórnendur hafa ákveðið að innleiða gæðakerfi við skólann og vegna þessa hefur sjálfsmatsáætlun ekki verið unnin til ársins 2018, en stefnt er að því að enduskoða sjálfsmatskerfi skólans sem hluta af innleiðingu gæðakerfis. Sú endurskoðun mun fara fram á haustönn 2016. Áætlun sem gerð var 2012-13 og birtist í síðustu sjálfsmatsskýrslu verði endurskoðuð.

Hugleiðing sjálfsmatsnefndar (enginn nefndarmanna mun halda áfram störfum): Umbótaáætlanir okkar mættu vera markvissari og mælanlegri. Fólk verður að sjá eftirfylgni og úrbætur og það er stjórnenda að fylgi umbótum eftir. Velta þarf fyrir sér hvernig nefndin getur lagt fram áætlun sem byggir á sjálfsmatinu til að bæta gæði skólastarfsins. Horfa þarf markvissara á sjálfsmatið sem stjórnæki til að bæta skólastarfið og vinna að framförum innan skólans.

Hugsanlega vega kennslukannanir og viðhorfskannanir á líðan nemenda og starfsmanna of þungt hjá nefndinni. Sem dæmi má nefna ef stjórnendur fylgja ekki eftir könnunum með athugasemdum til kennara missir matið fljótt marks og verður tilgangslaust.

Við þurfum að geta sent skilaboð um góða kennslu og slaka kennslu. Gefa hrós og gagnrýna og fá kennara til að breyta vinnuháttum ef með þarf. Fyrst og síðast þarf að hugleiða til hvers er sjálfsmatið. Er það fyrir skólann til að bæta sig eða erum við hugsanlega bara að uppfylla lagaskyldu og skila skýrslu fyrir ráðuneytið?

Tillaga að verkefnum sjálfsmatsnefndar 2016-17 verða eftirfarandi:

- Unnið verði að nýrri sjálfsmatsáætlun og umbótum.
- Unnið verður að endurskoðun á sjálfsmatskerfi skólans til næstu ára sem hluta af innleiðingarferli gæðakerfis.
- Skýrslu skilað á haustdögum 2017.

Sjálfsmatsnefnd MÍ
Andrea Harðardóttir
Guðjón Torfi Sigurðsson
Guðrún Á. Stefánsdóttir
Katrín Gunnarsdóttir

Heimildir

Attentus - mannauður og ráðgjöf (2015). ÚTTEKT Á STARFSEMI Menntaskólans á Ísafirði.

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 20. júní 2015. Sótt 20. nóvember 2015

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=19BBB8A44C1A0C5F00257EC900585AA5&action>

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 10. júní 2016 af

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/3442E1BA50DDCB6F002579CD004E09C0/Attachment/adalnscr_frsk_2012.pdf

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu. (2015). *Töflur með einkunnum stofnanna*. Sótt 16. Júní 2015 af http://sfr.is/files/toflur%20%C3%A1%20neti%C3%B0%2015%202_707599114.pdf

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu. (2016). *Töflur með einkunnum stofnanna*. Sótt 20. Júní 2016 <http://www.sfr.is/library/Kjarasvid/Kannanir/Stofnun-arsins/Stofnun-arsins-2016-og-eldri/SFR-stofnun%20arsins%202016%20netid.pdf>

Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði (2015). *Skýrsla um innra mat 2014-15*. Sótt 15. Október 2016 af <http://misa.is/skolinn/sjalfsmat/skra/388/>

Skólaregur MÍ sótt 15. júní 2016 http://misa.is/skolinn/skrar_og_skiol/skra/361/

Skólasamningur Menntaskólans á Ísafirði og Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2015-2019 (2015)